

Þjónustulýsing akstursþjónustu Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. Inngangur

Þessi þjónustulýsing gildir um **akstursþjónustu fatlaðs fólks í Grímsnes- og Grafningshreppi**. Umsóknir um akstursþjónustu skulu berast Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs, hér eftir nefnd SVÁ, á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofu og á heimasíðu þjónustunnar <https://www.arnesthing.is/is/velferdarthjonusta/umsoknir>

Umsóknir um akstursþjónustu eru afgreiddar af starfsmönnum SVÁ. SVÁ leggur jafnframt mat á umsókn og ákveður umfang og tímalengd þjónustunnar. Stuðst skal við sameiginlegar reglur þar að lútandi, auk þeirra viðbótarákvæða sem hvert sveitarfélag kann að setja.

Markmið akstursþjónustu Grímsnes- og Grafningshrepps er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómstunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða og styðja fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs, eins og kostur er hverju sinni.

2. Skipulagning ferða

2.1 Pantanir og afpantanir

Pantanir á akstri skulu berast á netfangið: gudnyh@gogg.is.

Akstursbeiðnir skulu berast fyrir kl. 12:00 á föstudögum fyrir komandi viku. Beiðni um annan tilfallandi akstur skal berast í síðasta lagi fyrir kl. 12:00 daginn áður.

Panta þarf fyrir fram á alla staði sem viðkomandi hyggst heimsækja í ferðinni. Bílstjóri hefur heimild til að hafna aukaakstri sem ekki hefur verið pantaður fyrir fram.

Ekki er hægt að tryggja að öllum akstursbeiðnum verði sinnt; ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Afpanta má ferðir með tölvupósti allan sólarhringinn, en greiðsla er tekin fyrir ferðir sem ekki eru afpantaðar með að minnsta kosti tveggja tíma fyrirvara. Ferðir fyrir kl. 8:00 að morgni skal afpanta með skilaboðum beint til bílstjóra eins fljótt og kostur er.

2.2 Þjónustutími

Þjónustutími akstursþjónustu er **virka daga frá kl. 7:00 til kl. 19:00**. Akstur er almennt ekki í boði utan þessa tíma, en hægt er að senda sérstakar beiðnir um akstur á öðrum tímum. Starfsfólk akstursþjónustu metur hvort hægt sé að verða við slíkum beiðnum.

2.3 Þjónustusvæði

Akstursþjónusta er veitt innan marka lögheimilissveitarfélags notandans, auk þess sem hún nær til miðlægra þjónustueininga á Selfossi.

2.4 Almennt

Ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar eða á öðrum stað sem er sýnilegur bílstjóra á umsömdum tíma. Akstursþjónusta er veitt frá **anddyri á brottfararstað að anddyri á komustað**.

Notendur þurfa að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, t.d. vegna færðar eða umferðartafa á annatímum. Bílstjórar aðstoða notendur frá og að anddyri sé þess þörf og geta aðstoðað við að bera böggla inn í anddyri. Miðað er við að farþegi hafi ekki fleiri böggla en hægt er að bera í einni ferð úr bílnum.

Bílstjórum er **ekki heimilt að annast sendiferðir** fyrir notendur. Geti notandi ekki ferðast einsamall skal aðstoðarmaður fylgja honum.

- Akstursþjónustan skipuleggur samnýtingu ferða.
- Reynt er að hafa daglegan komutíma bíla sem næst því hinum sama. Breytingar hjá notendum, veður og umferð geta þó haft áhrif.
- Fyrir nýja ferðaáætlun getur tekið nokkra daga að móta fastan mætingartíma.
- Reynt er að hafa sama bíl og bílstjóra, en vegna fría, veikinda eða viðhalds er ekki alltaf hægt að tryggja það.

Biðtími farþega eða bíls skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma. Ef farþegi er ekki tilbúinn á umsömdum tíma er bílstjóra heimilt að yfirgefa staðinn og ferðin telst þá með í uppgjöri.

Gera má ráð fyrir að ferðir geti fallið niður eða tafist vegna ófyrirséðra orsaka, t.d. óveðurs, bilana, þungrar umferðar eða annarra þátta.

3. Greiðslur farþega

Um gjald fyrir akstursþjónustu vísast til gjaldskrár Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. fyrir fatlað fólk. Aðstoðarmenn greiða ekki fargjald.

4. Umgengnisreglur í bílnum

Farþegar skulu ganga vel um bílinn og bera virðingu bæði fyrir bílsstjóra og öðrum farþegum. Farþegar sitji kyrrir í sætum og með öryggisbeltin spennt meðan á akstri stendur.

Í ferðum á vegum akstursþjónustu Grímsnes og Grafningshrepps er með öllu óheimilt að;

- neyta matar og drykkja
- reykja og veipa

Einnig er óheimilt að nota akstursþjónustuna undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Samþykkt af sveitarstjórn þann 15. október 2025.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri